

**REGLUR**  
**um breytingu á reglum nr. 502/2002 um val stúdenta til náms**  
**í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.**

1. gr.

Fyrsta grein breytist og verður svohljóðandi:

Réttur stúdenta til að halda áfram námi á vormisseri 1. árs fer eftir árangri í þeim námsgreinum sem kenndar voru á haustmisseri. Miðast sá árangur við að nemendur hljóti lágmarkseinkunn úr öllum prófum í námskeiðum á haustmisseri fyrsta árs.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar af háskólaráði skv. heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 5. mars 2009.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

---

*Þórður Kristinsson.*